

Fundur í
UMHVERFIS- OG NÁTTÚRUVERNDARNEFND
Reykholahrepps

Þriðjudaginn 30. júní 2009 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykholahrepps, Maríutröð 5 a, Reykholum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Ingvar Samúelsson, Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Óskar setti fundinn.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns. Sveinn kosinn formaður og Kolfinna varaformaður.

Sveinn tók við fundarstjórn.

2. Mál frá hreppsnefnd:

Tölvupóstur dags. 28. maí 2009 frá Íslenska gámafélaginu ehf með tillögum að fyrirkomulagi sorphirðu í Reykholahreppi. Hreppsnefnd óskar eftir tillögum um tilhögun. Einnig óskar hreppsnefnd eftir að nefndin vinni að undirbúningi svæðisáætlunar sorpmála í Reykholahreppi. Nefndin leggur til að tillögur Íslenska gámafélagsins verði kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins og óskað verði eftir athugasemdum og tillögum frá íbúnum. Nefndin telur æskilegt að viðræður fari fram við nágrannasveitarfélög um samvinnu í sorpmálum. Vinna við svæðisáætlun er hafin.

Önnur mál.

1. Umhverfismál í Flatey.

Rætt var um umhverfismál í Flatey. Unnið er í málum Flateyjar og þar á meðal umgengis- og umhverfismálum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 16:15.

Ingvar Samúelsson (sign)
Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)